

# Friðlýst Gjástykki

Ráðherrar vinstri grænna hafa boðað friðlýsingu Gjástykkis en virðast ekki vita að sveitastjórnir á svæðinu hafi nýlega lagt til friðlýsingu á lang stærstum hluta svæðisins að og er orkuvinnsla aðeins heimil á um 2% svæðisins samkvæmt nýlegu svæðisskipulagi.

Gjástykki er ríflega 110 km<sup>2</sup> svæði sem nær frá landamerkjum Skútustaðahrepps í suðri norður að Kerlingahól í Kelduhverfi og er svæðið að mestu í Norðurþingi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að jarðhitasvæði Gjástykkis er um 10 km<sup>2</sup> að stærð og er sá hluti svæðisins í sveitafélögunum Norðurþingi, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi.

Helstu náttúruperlur svæðisins eru við Sandmúlann rétt sunnan Gjástykkis, svæðið norðan Hituhóla og Hrauná suðvestan við Hrutafjöll. Við afmörkun orkuvinnslusvæða í svæðisskipulaginu var kappkostað að forðast rask nálægt þessum náttúruperlum og sveitafélögin á svæðinu voru sammála um að aðeins mætti nýta 2% (2 km<sup>2</sup>) af þessu víðfeðma svæði til orkuvinnslu. Því hefur verið lagt til að stærsti hluti svæðisins verið friðlýstur í svæðisskipulagi.

Helmingur orkuvinnslusvæðisins eða um 1 km<sup>2</sup> er á nýjum hraunum sem runnu í Kröflueldum 1975-1984. Þessi hraun þekja samtals um 36 km<sup>2</sup> og nær orkuvinnslusvæðið því einungis yfir tæp 3% af nýju hraununum.

Rannsóknarholum sem nú eru í umhverfismati hefur verið valin staður á akvegi sem var ruddur í gegnum hraunið skömmu eftir Kröfluelda. Nú þegar hefur verið boruð ein 600 m djúp rannsóknarhola á þessum stað og reyndist botnhiti vera um 200°C. Nýju holunum er ætlað að kanna hita og lekt jarðlaga á 800-2500 m dýpi.

Ráðherrar vinstri grænna eru velkomnir hingað norður til þess að kynna sér svæðið og sjá með eigin augum hvar fyrirhuguð orkuvinnsla mun fara fram, verði af henni.

*Bergur Elías Ágústsson,  
sveitarstjóri Norðurþings.*